

# Uniscan

## Aðdragandi samningsins.

Það er orðin hefð að nota skammstafanir sem heiti á flestum samtökum ríkja. Það er sennilega gert ráð fyrir, að menn festi stutta skammstöfun betur í minni en löng heiti. En nú er slíkur ofsavöxtur hlaupinn í allskyns alþjóðasamvinnu, nefndaskipanir og stofnanir, að starfófið virðist varla hrökkva til við samningu skammstafaðra heita á slík fyrirtæki, enda varla orðið á færi nema sérfræðinga einna að kunna full skil á öllum þeim áragrúa nýefna á þessu sviði, sem upp hafa verið fundin síðustu árin.

Nú er enn eitt kynjanafnið komið á þrykk. Það er UNISCAN, sem mun vera dregið saman úr nöfnunum United Kingdom og Scandinavia. Tilgangurinn með þessum línunum var að gera nokkra grein fyrir þessum nýju samtökum, sökum þess að starfssvið þeirra er hér í næsta nágrenni við okkur og verkefni þeirra okkur ekki óskýlt og því vísara að gefa þeim gætur og fylgjast með þróun þeirra.

Eftir ófriðinn hefur myndun efnahags- eða tollabandalaga verið ofarlega á baugi. Belgía, Holland og Lúxemburg hafa t. d. myndað tollabandalag, sem hlaut nafnið BENELUX, Ítalía og Frakkland hafa sömuleiðis samið drög að hliðstæðu bandalagi, er ber nafnið FRANCITA. Nú stendur fyrir dyrum að taka upp efnahags-samvinnu milli þessara bandalag, og er þeirri samsteypu fyrirhugað nafnið FRITALUX. Á döfinni var að stofna norrænt tollabandalag með þátttöku þriggja eða fjögurra Norðurlandanna. Ef Danir, Norðmenn og Svíar hefðu staðið að stofnun þess, var tilætlunin að kalla það DANO-SVEA. Við athugun reyndist þó ekki grundvöllur fyrir þessum samtökum, svo að hugmyndin um norrænt tollabandalag hefur í bili verið stungin svefnþorni. Öll þessi viðleitni er ofur eðlileg, því flestum er að verða ljóst, að tollmúrar og viðskiptahömlur eru yfirleitt til bölvunar, og að ein leiðin til þess að rata úr þeim ógöngum er myndun efnahags-bandalaga. Inn-

an vébanda þeirra er a. m. k. að takmörkuðu leyti slakað á höftunum og markaðurinn gerður rýmri. Nokkuð mun það og hafa ýtt undir þessar aðgerðir, að Bandaríkjamenn, sem hafa reynsluna af stórum innanlandsmarkaði og blátt áfram skilja ekki kotríkjasjónarmið okkar Evrópumanna, gerðu það að einu skilyrði sínu fyrir Marshall-aðstoðinni, að þau ríki, sem hennar yrðu aðnjótandi, tækju upp með sér nána efnahagssamvinnu og m. a. mynduðu efnahagsbandalög í einu eða öðru formi, þar sem því væri við komið. Það er því sjálfsagt heldur engin tilviljun, að umræður um stofnun UNISCAN hófust réttum mánuði áður en Marshall-löndin áttu að skila efnahagsstofnuninni í París (OEEC) skýrslum um það, hverju fram hefði undið um myndun efnahagsbandalaga. Sömuleiðis var tímavalið ekki óhyggilegt með tilliti til þess, að menn mun hafa verið farið að renna grun í, að tilraunin til þess að mynda norrænt tollabandalag var í þann veginn að fara út um þúfur.

Í stórum dráttum var gangur málsins annars þessi: Í byrjun desembermánaðar 1949 sendu Bretar Dönnum, Norðmönnum og Svíum tilboð um nánara efnahagssamstarf. Boð þetta virtist koma bæði Dönnum og Svíum á óvart, en hins vegar ætla sumir, að Norðmenn muni hafa haft eitthvert hugboð um það fyrirfram. Er það kannske ekki alveg ósennilegt, vegna þess m. a., að um nokkurn tíma hefur verið starfandi sérstök brezk-norsk efnahagsnefnd. Fyrsti umræðufundurinn um málið var svo haldinn í Stokkhólmi 15. des. s.l. og annar fundur aftur í janúar í London. Sá fundur gekk frá tillögum um samvinnuna, og lauk honum 21. jan. s.l. Þ. 30. janúar var svo endanlega gengið frá samningunum og þeir undirskrifaðir í París af Sir Stafford Cripps fjármálaráðherra, fyrir hönd Bretlands, og utanríkisráðherrunum Gustav Rasmussen (Danmörk), Halvard Lange (Noregur) og Östen Undén (Svíþjóð) af hálfu skandinavísku ríkja.

### Samningurinn.

Samningurinn er að efni til tvíþættur. Í fyrsta lagi bráðabirgðaráðstafanir, sem fela í sér dálitla slökun á fjárhagshöftum milli landanna, og í öðru lagi stofnun fastanefndar, sem athuga á möguleikana á frekari aðgerðum í sömu átt.

Nokkur helztu atriði bráðabirgðaráðstafanna eru þessi:

#### 1. Hlaupandi greiðslur.

Frjáls yfirfærsla milli landanna skal vera á svokölluðum hlaupandi greiðslum. Til þeirra teljast greiðslur á vörum, sem ekki þarf innflutningsleyfi fyrir, og vörum, sem þegar hefur verið veitt innflutningsleyfi fyrir, öll flutningsgjöld og önnur þjónusta, vextir af lánum og samningsbundnar afborganir, og fé til ferðalaga. Greiðslur þessar eiga þó einnig framvegis að vera háðar eftirliti til þess að hindra, að heimildin sé misnotuð.

#### 2. Frystar innistæður.

Ríkisstjórnirnar munu eftirleiðis ekki hindra heimflutning innistæðna, sem þegnar samningsríkjanna eiga. Einnig er heimiluð sala á verðbréfum og heimflutningur andvirðis þeirra. Leyft er að yfirfæra innistæður þegna eins af samningsríkjunum yfir á reikning þegna annars samningsríkis. Til þess að koma í veg fyrir óeðlilega miklar fjármagnshreyfingar af þessum ástæðum, skal hvert ríkjanna halda sérstakt bókhald yfir þessa eignatilflutninga. Vilji eitthvert ríkjanna takmarka þessar tilfærslur, ber því að leita til þess samþykkis hinna samningsaðiljanna.

#### 3. Lánastarfsemi.

Ríkin vilja afnema eftir því sem hægt er allar hömlur á lánveitingum milli landanna, ef lánin á að nota í efnahagslegum tilgangi.

#### 4. Fjárfesting.

Ríkin vilja stuðla að aukinni fjárfestingu milli samningslandanna. Þó munu reglur um takmarkanir á kaupum útlendinga á fasteignum og verðbréfum verða áfram í gildi.

#### 5. Persónulegar yfirfærslur.

Leyfð skal yfirfærsla á erfðafé og takmarkaðar, persónulegar, ósamningsbundnar yfirfærslur, t. d. í góðgerðaskyni.

#### 6. Pundagreiðslur til þriðja lands.

Athuga skal möguleika á því, að hvað miklu

leyti hægt er að heimila skandinavísku ríkjunum að nota sterlingspund til greiðslu í öðrum ríkjum.

#### 7. Sterlingsvæðið.

Brezka ríkisstjórnin mun leggja til við gjaldeyrifyrvöld þeirra ríkja, sem eru innan Sterlingsvæðisins, að þau veiti skandinavísku ríkjunum hliðstæðar tilslakanir í gjaldeyrismálum og Bretar hafa veitt þeim.

Þá er í samningnum greint frá hlutverki hinnar brezk-skandinavísku efnahagsnefndar. Skal hún skipuð átta fulltrúum, tveim frá hverju þátttökuríkjanna, og er starfsskrá hennar þessi:

- 1.) Að hafa eftirlit með framkvæmd á þeim bráðabirgðaráðstöfunum, sem samningurinn gerir ráð fyrir, og einnig að gera ábendingu um ítarlegri ráðstafanir, sem gætu orðið til þess að efla fjárhagssamvinnu ríkjanna.
- 2.) Að rannsaka orsakir jafnvægisleysis í viðskiptum milli nefndra ríkja, sem annaðhvort er fyrir hendi eða kann að koma í ljós, og benda á ráð til úrbóta.
- 3.) Að athuga önnur sameiginleg efnahagsmál, sem lögð kunna að vera fram til umræðu.
- 4.) Að senda a. m. k. einu sinni á ári hinum fjórum ríkisstjórnnum tillögur varðandi fyrrgreind atriði.

### Skýringar við samninginn.

Hér hefur aðeins verið minnst á aðalatriði samningsins, en við þau eru ýmsir fyrirvarar og frávik, sem síðar skal tæpt á. Í heild er samningurinn laus í böndunum og sjálfsagt vonbrigði þeim, sem við því hafa búizt, að af þessum umræðum sprytti þegar í stað fullskapað efnahagsbandalag. En þess var ekki að vænta, m. a. sökum þess, að samningsgerðin fór fram í flýti, og slík mál þurfa langa þróun.

Áberandi er, að þau tvö málín, sem mestu skipta þessar þjóðir, innflutningsmálin og breyting sterlingspunda í dollara, voru ekki rædd, og um þau efni eru engin ákvæði í samningnum. Öllum viðkomandi ríkjum hefði auðvitað verið mestur ávinningur í, að eitthvað hefði verið losað um innflutningshöft á vörum. En svo varð ekki, því samningurinn fjallar í raun og veru aðallega um ýmsar tegundir af greiðslum, aðrar en vörugreiðslur. Dollaraskorturinn er og brennandi úrlausnarefni fyrir skandinavísku ríkin, því að þau eiga öll við þann vanda að glíma,

að vísu í mismunandi ríkjum mæli, Danir mest, en Svíar minnst. Möguleiki til þess að fá sterlingspundum breytt í dollara hefði því verið þeim mikill fengur, en það fyrirkomulag hefur líklega ekki verið talið fært á þessu stigi máls.

Það helzta, sem áunnizt hefur því með samningnum, er það, að yfirfærslur á flutningsgjöldum eru eftirleiðis frjálsar, sem þýðir, að menn hafa óbundnar hendur með skipaleigur milli umræddra ríkja. Er þetta vafalaust t. d. Norðmönnum mjög hagkvæmt. Athyglisvert verður einnig að telja, að gjaldeyrir til ferðalaga milli ríkjanna verður nú frjáls. Bretar hafa bundið hámarksúthlutun til ferðalaga til skandinavísku ríkjanna við £ 250.0.0 á ári. Hafa allir brezkir bankar heimild til þess að selja innl. ferðafólki þessa upphæð, en óski menn eftir ríflegri yfirfærslu, þurfa þeir að skrifa beint til Englandsbanka og gera grein fyrir tilgangi ferðalagsins. Ákvæðið um ferðamannagjaldeyrinn til Skandinavíu hefur vakið óánægju t. d. á Ítalíu, Frakklandi og Belgíu, því að til ferðalaga í þessum löndum fá Bretar aðeins £ 50.0.0. Yfirleitt er talið, að FRITALUX-löndin séu ekki sem ánægðust með UNISCAN-samkomulagið, vegna þess að þau hefðu hugsað sér að fá Breta í sinn hóp, en Bretar töldu sér hinsvegar meiri hag að samvinnu við Norðurlönd, sökum þess að þjóðarþúskapur þessara landa fyllir betur í eyður brezkis atvinnulífs.

Það voru Norðmenn, sem flest frávikin gerðu við samningsákvæðin vegna efnahagserfiðleika sinna. Þannig geta þeir ekki heimilað ótakmarkaðan ferðamannagjaldeyri, ekki leyft yfirfærslu á frystum innistæðum og ekki erlenda fjárfestingu í Noregi. Danir geta heldur ekki leyft frjálsan ferðagjaldeyri til Svíþjóðar. Ýms fleiri undantekningarákvæði eru í samningnum, sem ekki verða rakin hér.

#### **Mat á samningnum.**

Mjög erfitt er fyrirfram að leggja nokkurn dóm á, hvert gildi samnings þessa muni verða, bæði vegna þess, að eftir er að gefa út allar reglugerðir um framkvæmd hans, og sömuleiðis mun hin almenna viðskiptaþróun ráða miklu um örlög hans. Samningurinn virðist vera mótaður af varúð, en ekki hjartsýni, enda þótt fram sé tekið, að hann sé hugsaður sem upphaf, en ekki loka-takmark fyrir efnahagssamvinnu ríkjanna.

Ef gerð er tilraun til þess með túlkun samningsins að skilgreina, hvað UNISCAN í raun og veru er, kemur í ljós, að á núverandi stigi er það hvorki ríkja-blökk né efnahagsbandalag, heldur aðeins almennt samkomulag um nokkur fjárhagsmál og yfirfærslur á ýmiskonar þjónustu. Að hér er ekki um ríkja-blökk að ræða, má ráða af því, að samningurinn er opinn öllum öðrum þjóðum innan Marshall-samtakanna, sem gerast vilja aðiljar að honum. Sömuleiðis er samningurinn svo lausleg frumsmíð, að hann getur ekki gert kröfu til þess að kallast efnahagsbandalag, enda sagði H. Lange utanríkisráðherra Norðmanna við undirskrift samningsins, að hann fæli ekki í sér efnahagsbandalag, en gæti kannske leitt til þess.

Í samningnum kemur greinilega fram tilhneiging til þess að hnýta skandinavísku ríkin traustari böndum við Sterlingsvæðið svonefnda. Það er mjög algengur misskilningur að halda, að skandinavísku ríkin tilheyri Sterlingsvæðinu, vegna þess að þau nota yfirleitt sterlingspund í millilandagreiðslum. Svo er þó ekki. Kjarni Sterlingsvæðisins er Bretland. Nátengt því með sérréttindatollakerfinu eru svo samveldislöndin. Einu löndin utan þess kerfis, sem tilheyra hinu eiginlega Sterlingsvæði, eru Írland og Ísland. Síðan kemur fjöldi ríkja í Norður- og Vestur-Evrópu og jafnvel í öðrum heimsálfum, sem nota sterlingspund í greiðslum milli landa, og eru þau oft talin til Sterlingsvæðisins í viðtækari merkingu þess heitis. Með UNISCAN-samningnum hafa skandinavísku ríkin ekki verið innlimuð í séraréttindatollakerfið og ekki heldur í hið innra Sterlingsvæði, en þó hafa þau þokazt í áttina til hins síðarnefnda, og mun trúlega ásetningurinn að fá þau til þess að stíga endanlegt spor til inn-göngu í þau samtök. Í þá áttina bendir a. m. k. það ákvæði samningsins, að Bretar lofa að gera það að tillögu sinni við meðlimi Sterlingsvæðisins, að þeir veiti skandinavísku ríkjunum sömu tilslakanir og Bretar veita þeim samkvæmt samningnum. Íslendingar mega því vænta slíkrar mála-leitanar frá Bretum, hvernig svo sem við þeirri ósk verður brugðizt. Þetta atriði ásamt fleiru í samningnum færir heim sannindi um, að UNISCAN-samningurinn er okkur skylt mál og því nauðsyn að fylgjast með þróun þeirra samtaka á komandi tímum.